



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. guðrunm@myv.is

Atvinnumálanefnd. 5. fundur

Fundur haldinn í Atvinnumálanefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, föstudaginn 28. október 2011 .

Mættir : Böðvar Pétursson, Sólveig E. Hinriksdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Leifur Hallgrímsson, Halldór Árnason.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Til umfjöllunar eru svæðin Hróthálsar og Fremrinámur sem settir eru í biðflokk, Krafla II, 2. áfangi í nýtingaflokk og Gjástykki í verndarflokk. Nefndin gerir ekki athugasemdir við þá flokka sem umrædd svæði eru sett í nema hvað varðar Gjástykki. Þar telur nefndin eðlilegt að setja svæðið í biðflokk því í rammaáætlun segir „Talið er eðlilegt að skipta háhitasvæðum í tvo flokka, verndunar- og nýtingarflokk, þ.e. annars vegar svæði sem vernda skal frá orkuvinnslu og hins vegar svæði sem taka skal til nýtingar orkulindarinnar. Ef gögn skortir til að ákveða hvorum flokknum eitthvert svæði skuli tilheyra, eða samstaða næst ekki um tvískiptingu, mætti setja slíkt háhitasvæði í biðflokk og taka ákvörðun síðar um flokkun að fengnu sérfræðialiti, jafnvel að eftirláta það komandi kynslóðum að ákveða hvort svæði í biðflokki skuli vernduð eða tekin til orkuvinnslu“.

3. Önnur mál.

Stefnt er að fundi með meindýraeyðum sveitarfélagsins í byrjun desember vegna fyrirkomulags vargeyðingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl

Böðvar Pétursson
Sólveig E. Hinriksdóttir
Ingibjörg Björnsdóttir
Leifur Hallgrímsson
Halldór Árnason

